

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 17. desember 2012 kl. 11:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómtúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólsstötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Bjarni Jónsson og Björk Þorsteinsdóttir, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundasambandi voru Guðmundur Bjarnason formaður, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 24. október 2012. Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um leiðréttingu á orðalagi.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2013

Endurskoðun m.t.t. fjárlagafrumvarps eftir 2. umræðu

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2013 á grundvelli frumvarps til fjárlaga.

Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki nemi samtals 12.965 m.kr., viðbótarframlög frá ríki eru áætluð 3.524 m.kr. Tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans eru áætlaðar 7.762 m.kr. og tekjur sjóðsins af 0,95% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra eru áætlaðar 9.576 m.kr. Framlög frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna eflingar tónlistarnáms nema 347 m.kr. Vaxtatekjur sjóðsins eru áætlaðar 112 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins nema því samtals 34.286 m.kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar nema bundin framlög 1.574 m.kr., sérstök framlög 7.509 m.kr., jöfnunarframlög 6.600 m.kr., framlög vegna yfirfærslu grunnskólans 7.630 m.kr., framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 10.432 m.kr. og framlög til eflingar tónlistarnámi 347 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur 82 m.kr. og óráðstafað er 112 m.kr. Áætluð heildargjöld sjóðsins nema því samtals 34.286 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Húnaþing vestra

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Húnaþings vestra, dags. 7. desember 2012, um framlag vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar Húnaþings vestra og Bæjarhrepps sem tók gildi 1. janúar 2012. Umsóknin er á grundvelli f-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Í umsókninni eru tilgreind þau verkefni sem sveitarstjórn telur að þurfi að ráðast í á næstunni í tengslum við endurskipulagninguna. Fram kemur að áfallinn kostnaður vegna endurskipulagningarinnar í ár nemi um 5 m.kr.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar í ár kæmi framlag að fjárhæð 5 m.kr. Frekari umfjöllun um umsókn Húnaþings vestra var frestað. Umsóknin verður tekin fyrir að nýju þegar fyrir liggja ítarlegri upplýsingar um endurskipulagninguna.

Greinargerðir vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu

Lagðar voru fram til umfjöllunar greinargerðir frá Akureyrarkaupstað, Hörgársveit og Þingeyjarsveit um framgang mála hvað endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í sameinuðum sveitarfélögum á árinu 2012 varðar. Um er að ræða sameiningar er fóru fram á árunum 2008, 2009 og 2010.

Framlög vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu greiðast á 5 árum.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að úthlutun framlags á árinu 2012 sem hér segir:

- Þingeyjarsveit vegna sameiningar á árinu 2008, framlag að fjárhæð 2,1 m.kr. Til greiðslu á árinu hafa komið 1,05 m.kr.
- Akureyrarkaupstaður vegna sameiningar á árinu 2009, framlag að fjárhæð 4,2 m.kr. Til greiðslu á árinu hafa komið 2,1 m.kr.
- Hörgársveit vegna sameiningar á árinu 2010, framlag að fjárhæð 13,5 m.kr. Til greiðslu á árinu hafa komið 4,5 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að eftirstöðvar framlaga ársins kæmu til greiðslu fyrir áramótin enda hefðu sveitarfélögin skilað inn greinargerðum sem væru forsenda þess að uppgjör framlaga ársins færi fram.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIÐLEIKA

Sveitarfélagið Álftanes vegna endanlegs uppgjörs á árinu 2013

Gerð var grein fyrir fyrirspurn sem fyrir lá hjá Jöfnunarsjóði frá fjárhaldsstjórn Sveitarfélagsins Álftaness um hvort möguleiki væri á að framlag að fjárhæð 74 m.kr. kæmi til greiðslu strax í janúar hvort sem það væri af aukaframlagi ársins 2013 eða framlag úr Jöfnunarsjóði vegna fjárhagserfiðleika. Fram kom að útgreiðsla framlagsins væri forsenda þess að hægt væri að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu í sveitarfélaginu.

Með tilvísun til þess að fjárlög ársins 2013 lægju enn ekki fyrir og því ekki vitað hvort um sérstakt aukaframlag verði að ræða í Jöfnunarsjóð á árinu samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu fyrirspurnar fjárhaldsstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness væri frestað til næsta fundar.

JÖFNUN Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Tillaga að uppgjóri ársins 2012

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjóri framlags til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2012.

Samkvæmt útreikningi nemur fjárförf sveitarfélaga fyrir framlög á grundvelli reglugerðar, nr. 80/2001 með síðari breytingum, samtals tæplega 4.598,8 m.kr. á árinu 2012. Fjármagn til ráðstöfunar á árinu nemur tæpum **2.956,0 m.kr.**

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutun framlags og áætlað uppgjör yrðu aðlöguð að áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu og næmu samtals 2.956,0 m.kr.

Við tillögugerð að úthlutun framlags til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að uppgjóri 2012

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 19. september sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2012.

Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Við útreikning framlaganna á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. desember 2011, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
- Hámarksálagning útsvars 14,48%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,95% vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2012 vegna álagningar 2011 er því 12,76%.
- Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a. lið 0,625%, skv. b. lið 1,320% og skv. c. lið 1,65%.
- Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að fjárhæð 2.956,0 m.kr.
- Tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjaldi eru teknar með í útreikningi á hámarkstekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á meðaltekjum í viðkomandi flokki.
- Heimild til úthlutunar tekjujöfnunarframlags sem hækkar sveitarfélög upp í allt að 97% af meðaltekjum viðkomandi viðmiðunarflokks.
- Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Sú aðgerð leiðir til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópsins.

Á fundi sínum 19. september sl. samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að sveitarfélög væru hækkuð upp í 95,4% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins gerir endurskoðuð tillaga, sem byggir á leiðréttri skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga, ráð fyrir að sveitarfélög verði hækkuð upp í 95,2% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2012 næmi samtals 1.254,3m.kr.

Í október komu $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins eða 935,9 m.kr. til greiðslu. Uppgjör framlagsins að fjárhæð 318,4 m.kr. fer fram fyrir áramótin.

Við tillögugerð að endurskoðaðri úthlutun og uppgjörsgreiðslu tekjujöfnunarframlaga ársins til Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Reykjanesbæjar viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson og Björk Þorsteinsdóttir af fundi, hvort fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að uppgjóri 2012

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 30. nóvember sl. samþykkti nefndin að leggja til að heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2012 væri hækkuð úr 4.700,0 m.kr. í 5.000,0 m.kr.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegu uppgjóri útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga á árinu 2012, sbr. 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010.

Samkvæmt tillögum er lagt til að á grundvelli A-hluta framlaganna verði úthlutað framlagi samtals að fjárhæð 4.250,0 m. kr. Til ráðstöfunar í framlögin vegna skólaaksturs úr dreifbýli, sem tilheyra B-hluta framlaganna, eru samtals 750,0 m.kr. en uppgjör fer nú fram vegna 575,0 m.kr. Hvað eftirstöðvar framlagsins varðar, þ.e. 175,0 m.kr. þá koma þær til úthlutunar í janúar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2012 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.

Helstu forsendur við uppgjör framlaganna eru eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. des. 2011.
- Upplýsingar um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. des. 2011.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. des. 2011.

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs skólaárið 2011 - 2012.
- Upplýsingar um fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember árin 2008 til 2011 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2012 vegna tekjuskurðingar.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti tillögu til ráðherra að heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2012 að fjárhæð 4.825,0 m.kr. Þar af er framlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli að fjárhæð 575,0 m.kr. Umsóknir um viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaaksturs á árinu 2012 að fjárhæð allt að 175,0 m.kr. verða teknar til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi nefndarinnar í janúar.

Við tillögugerð að uppgjörsgeriðslu útgjaldajöfnunarframlaga, sbr. A-hluta framlaganna, til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS FRAMLÖG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA Breyting á B-hluta 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 30. nóvember sl. var fjallað um nauðsynlega breytingu á B-lið 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002 vegna reksturs grunnskóla í kjölfar endurskoðunar á samningi við Reykjavíkurborg um rekstur sérskóla og sérdeilda.

Lagt var fram til kynningar minnisblað til ráðherra í tengslum við breytingu á reglugerðinni. Einnig var lögð fram til kynningar reglugerðarbreytingin sjálf sem ráðherra hafði samþykkt.

ÖNNUR FRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA Íþyngjandi kostnaður við rekstur grunnskóla 2011 Árneshrepps og Mýrdalshrepps

Á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkuðu útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu eftirfarandi umsóknir vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2010 og 2011.

- Umsókn Árneshrepps, dags. 17. október 2012.
- Umsókn Mýrdalshrepps, dags. 13. nóvember 2012.

Fyrir liggja endanlegir útsvarstofnar sveitarfélaga fyrir árið 2011, sem tekið er mið af við útreikning mögulegs framlags.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framangreindar umsóknir um framlög væru teknar til greina á grundvelli viðmiðunarreglna sjóðsins.

Hvað Árneshrepp varðar samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um úthlutun framlags að fjárhæð 3.101.762 kr. vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2011.

Hvað Mýrdalshrepp varðar samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að úthlutun framlags samtals að fjárhæð 11.825.227 kr. vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árunum 2010 og 2011. Til frádráttar kemur bráðabirgðaframlag að fjárhæð 4.785.032 kr. sem kom til greiðslu í desember 2011

vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2010. Eftirstöðvar framlagsins nema því 7.040.195 kr. sem koma til greiðslu fyrir áramótin.

ÖNNUR MÁL

Aukaframlag

Á fjárlögum ársins 2012 fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga aukaframlaga að fjárhæð 350 m.kr. Á fundinum voru lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að reglum um úthlutun aukaframlagsins á árinu 2012. Reglurnar, sem settar eru af innanríkisráðherra að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, byggja á sömu viðmiðum og giltu við úthlutun aukaframlagsins á árinu 2011.

Jafnframt var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun aukaframlagsins á árinu 2012.

Á grundvelli reglnanna er um eftirfarandi ráðstöfun framlagsins að ræða:

2. gr. Framlag vegna sérstakra fjárhagserfiðleika Sveitarfélagsins Álftaness

Varið skal 175 m.kr. til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum Sveitarfélagsins Álftaness. Framlagið skal veitt sem einn þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins samkvæmt tillögum fjárhaldsstjórnar en með hliðsjón af þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur um ráðstöfun þess.

3. gr. Framlag vegna íþyngjandi skulda

Varið skal 115 m.kr. til þeirra sveitarfélaga þar sem útreiknað skuldahlutfall er hærra en 150% .

Við útreikning framlagsins skal byggt á upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2011. Við útreikning framlags kemur til skerðingar vegna skuldahlutfalls á bilinu 150% - 250% og þar sem hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum er umfram 3%.

4. gr. Framlag vegna íbúafækkunar

Varið skal 60 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúapróun hefur verið lakari en hjá Reykjavíkurborg árin 2007-2011.

Við útreikning framlaga, skv. 3. gr. og 4. gr. reglnanna er byggt á upplýsingum úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til við ráðherra að framangreind drög að reglum um úthlutun aukaframlagsins á árinu 2012 væru samþykkt ásamt tillögu að úthlutun framlagsins á grundvelli þeirra.

Við tillögugerð að úthlutun aukaframlagsins á árinu 2012 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vék nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson af fundi.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:45.

Áætlað er að næsti fundur ráðgjafarnefndar verði í lok janúar og verður boðað til hans sérstaklega.

Halldór V. Kristjánsson